

17. júlí 2025

Besti fjórðungur tryggingastarfsemi VÍS frá skráningu

– Fjárfestingartekjur lita áfram afkomu

Afkoma 2F og H1 2025 hjá samstæðu Skaga hf.

Helstu lykiltölur 2F 2025

Samstæðan

- Hagnaður eftir skatta nam 972 m.kr. (2F 2024: 137 m.kr.).
- Hagnaður á hlut nam 0,51 kr. á tímabilinu.
- Arðsemi eigin fjár var 18,4% á ársgrundvelli (2F 2024: 2,7%) og gjaldþol samstæðu var 1,28 í lok tímabilsins.
- Eigið fé samstæðu nam 21.393 m.kr. við lok tímabilsins.

Tryggingastarfsemi

- Áframhaldandi tekjuvöxtur í tryggingastarfsemi VÍS sem óx um 8,9% á milli ára.
- Tekjuvöxtur í líf- og sjúkdómatryggingum var 12,1% milli ára.
- Samsett hlutfall var 80,9% (2F 2024: 90,4%).
- Kostnaðarhlutfall var 18,4% (2F 2024: 19,7%).
- Afkoma af váttryggingasamningum nam 1.499 m.kr. (2F 2024: 695 m. kr.), en þar af er 259 m.kr. jákvæð matsbreyting vegna aflagðrar erlendrar starfsemi.

Fjármálastarfsemi

- Hreinar tekjur af fjármálastarfsemi námu 732 m.kr. (2F 2024: 333 m.kr.) sem er 120% vöxtur á milli ára.
- Eignir í stýringu (e. AuM) stóðu í 232 ma.kr. við lok tímabilsins og nam vöxtur um 7 ma.kr. á milli fjórðunga.
- Afkoma af fjármálastarfsemi var 6 m.kr. fyrir skatta.

Fjárfestingar

- Fjárfestingartekjur námu 536 m.kr (2F 2024: 352 m.kr.), sem samsvarar 1,2% ávöxtun.
- Ávöxtun af fjárfestingum var undir markmiði á tímabilinu.
- Hreinar tekjur af fjárfestingum voru neikvæðar um 67 m.kr. (2F 2024: 23 m.kr.).

Helstu lykiltölur H1 2025

- Tap samstæðu eftir skatta nam 380 m.kr. (H1 2024: +273 m.kr.).
- Vöxtur tekna í tryggingastarfsemi 9,9% og afkoma af tryggingasamningum nam 1.449 m.kr. (H1 2024: 453 m.kr.) sem samsvarar 996 m.kr. afkomubata á milli ára.
- Samsett hlutfall 90,6% (H1 2024: 96,8%)
- Kostnaðarhlutfall í tryggingastarfsemi er 18,8% (H1 2024: 20,3%)
- Hreinar tekjur af fjármálastarfsemi námu 1.512 m.kr. (H1 2024: 960 m.kr.) og uxu um 58% á milli ára
- Fjárfestingartekjur námu 39 m.kr. (H1 2024: 1.298 m.kr.) og hreinar fjárfestingartekjur voru neikvæðar um 1.155 m.kr. (H1 2024: 519 m.kr.). Í samanburði á milli ára nema áhrifin af mismun á hreinum fjárfestingatekjum 1.674 m.kr. til lækkunar á afkomu samstæðunnar.

Haraldur Þórðarson, forstjóri:

„Góður gangur var í grunnrekstri samstæðu Skaga á öðrum ársfjórðungi ársins. Mestu munaði þar um sögulega góðan árangur tryggingastarfsemi VÍS sem skilaði sínum besta fjórðungi a.m.k. frá skráningu á hlutabréfamarkað árið 2013. Vöxtur tekna af fjármálastarfsemi var í takt við áætlanir á öðrum ársfjórðungi en afkoma var nokkuð lakari. Mikil áhersla er nú lögð á að auka arðsemi af fjármálastarfsemi samhliða tekjuvexti og aukinni stærðarhagkvæmni. Sviptingar á mörkuðum héldu áfram á öðrum ársfjórðungi, sérstaklega fyrri hluta hans, sem höfðu neikvæð áhrif á ávöxtun fjárfestingareigna og jafnframt talsverð áhrif á afkomu samstæðunnar á tímabilinu. Vaxandi kraftur er í krosssölu á milli félaga í samstæðunni sem mun styðja við áframhaldandi tekjuvöxt á komandi misserum. Hagnaður eftir skatta hjá samstæðunni nam 972 m.kr. á öðrum ársfjórðungi“.

Mikill gangur hjá VÍS

Vöxtur hjá VÍS var áfram kröftugur og jukust tekjur af váttryggingasamningum um tæplega 9% á öðrum ársfjórðungi og tæplega 10% á fyrri helmingi ársins. Samstarf við Íslandsbanka hófst formlega á fjórðungnum og hefur það farið virkilega vel af stað. Samhliða auknum vexti hefur afkoma félagsins af váttryggingasamningum aukist, en niðurstaða fjórðungsins og fyrri helmings ársins er sú besta í rúman áratug. Samsett hlutfall var 80,9% á öðrum ársfjórðungi og var 90,6% á fyrstu 6 mánuðum ársins. Rekstrarbati skýrist af áframhaldandi tekjuvexti í tryggingastarfsemi, hagfelldri tjónaþróun og hagræðingu í rekstri. Auk þess koma til jákvæðar matsbreytingar vegna hagstæðrar þróunar fyrri tímabila og vegna erlendrar starfsemi sem hefur verið aflögð. Eins og kom fram í tilkynningu til kauphallar þann 10. júlí sl. höfum við því uppfært horfur um samsett hlutfall ársins og er það nú 92% - 95% (áður 93% - 96%) með markmið <94%.

Ávöxtun fjárfestingareigna undir áætlunum

Fjárfestingartekjur á öðrum fjórðungi námu 536 milljónum eða því sem nemur 1,2% nafnávöxtun samanborið við 0,4% hækkun viðmiðs. Fjárfestingatekjur fyrstu 6 mánuði ársins nema samtals 39 m.kr eða sem nemur 0,1% ávöxtun. Ljóst er að erfiðir mánuðir á hlutabréfamarkaði höfðu talsverð áhrif á ávöxtun fjárfestingareigna og þar með afkomu samstæðunnar í heild á fyrri hluta ársins en vigt skráðra hlutabréfa í safninu hefur þó lækkað nokkuð síðan um áramót.

Heilbrigður tekjuvöxtur í fjármálastarfsemi

Tekjur í fjármálastarfsemi héldu áfram að vaxa samanborið við fyrra ár. Hreinar tekjur af fjármálastarfsemi námu 1.512 milljónum á fyrri árshelmingi samanborið við 960 milljónir árið áður og nemur vöxturinn því 552 milljónum á milli ára eða 58%. Við sáum aukinn kraft í vexti eigna í stýringu og höfum nú hafið krosssölu sjóða ÍV til viðskiptavina VÍS sem njóta nú góðs af breiðara vöruframboði samstæðufélaga. Tekjur af eigna- og sjóðastýringu skila um þriðjung tekna í fjármálastarfsemi og hyggjumst við halda áfram að vaxa á þessu sviði samhliða auknu framboði sjóða. Í fjármálastarfsemi færist nú aukin áhersla á að skila arðsemi samhliða því að sækja áframhaldandi tekjuvöxt.

Tækifæri í samþjöppun á fjármálamarkaði

Nokkuð hefur borið á samtölum á milli fjármálastofnana þar sem áhugi á sameiningum hefur verið viðráður með það að markmiði að auka skilvirkni og stærðarhagkvæmni í fjármálastarfsemi hér á landi. Nýverið tóku stjórnir tveggja viðskiptabanka ákvörðun um að hefja formlegar samrunaviðræður. Verði sá samruni að veruleika mun áberandi áskorandi hverfa af fjármálamarkaði. Skagi hefur verið virkur þátttakandi í þróun á fjármálamarkaði og við teljum að talsverð tækifæri séu fólgin í stöðu okkar í þessu umhverfi, bæði hvað varðar innri- og ytri vöxt, ekki síst ef samruna stærri aðila verða sett skilyrði sem munu þjóna því markmiði að efla aðra keppinauta á markaðnum.

Uppfærðar horfur í tryggingastarfsemi

Rekstrarhorfur Skaga fyrir árið 2025 voru settar fram í upphafi árs en uppfærðar m.t.t. tryggingastarfsemi þann 10. júlí sl. Rekstrarhorfur eru sem hér segir¹:

- Tryggingastarfsemi: Samsett hlutfall verði á bilinu 92% – 95%. Markmið <94%.
- Fjármálastarfsemi: Hreinar fjármálatekjur² nemi á bilinu 2.900 – 3.500 milljónir. Markmið >3.100 milljónir.
- Fjárfestingartekjur: Áætluð ávöxtun fjárfestingareigna á árinu er 10% en það er byggt á forsendum vaxtastigs í upphafi árs og fjárfestingarstefnu.³

Kynningarfundur

Kynningarfundur vegna uppgjörsins verður haldinn fimmtudaginn 17. júlí, klukkan 16:30 í höfuðstöðvum félagsins í Ármúla 3, Reykjavík. Haraldur Þórðarson, forstjóri, og Brynjar Þór Hreinsson, fjármálastjóri, munu kynna uppgjórið. Hægt verður að fylgjast með fundinum í beinu streymi og nálgast má upptöku af honum á [fjárfestasiðu](#) félagsins. Þar verður einnig hægt að nálgast kynningarefni fundarins.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Haraldur I. Þórðarson, forstjóri Skaga, í netfanginu haraldur@skagi.is

¹Upplýst verður um afkomuhorfur í trygginga- og fjármálastarfsemi ef þær breytast frá þeim vikmörkum sem kynntar eru.

²Hreinar fjármálatekjur eru allar tekjur í fjármálastarfsemi, þ.m.t. hreinar vaxta- og þóknunatekjur, fjármunatekjur og aðrar tekjur.

³Um er að ræða áætlaða ávöxtun fjárfestingareigna VÍS. Ekki verður upplýst um frávík frá áætlaðri ávöxtun fjárfestingareigna. Félagið birtir upplýsingar um stærstu eignir í fjárfestingarstarfsemi í fjárfestakynningum ársfjórðungslega. Hafa skal í huga að heildarstærð fjárfestingarsafnsins getur hækkað og lækkað vegna verðbreytinga, arðgreiðslna, endurkaupa, tilfærslu á ráðstöfun fjármagns innan samstæðu o.fl.